



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

Borgarnesi, 11. nóvember 2021

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Vísað til máls nr. 184/2021 um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu sem birt var í Samráðsgátt stjórnvalda þann 24. september 2021.


Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) taka undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið, þar sem lagst er gegn því að reglugerðardrögin taki gildi í óbreyttri mynd. Það er gagnrýnivert að svona stórt mál sé sett í umsagnarferli án þess að óska formlega eftir umsögn sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra. Sveitarfélög á Vesturlandi mörg hver, eru stórir hagsmunaaðilar hvað varðar reglugerðir er lúta að landbúnaði, enda er hann mikilvæg atvinnugrein í mörgum sveitarfélögum á Vesturlandi. SSV telur það samráðleysi sem var við vinnslu reglugerðardraganna því mjög bagalegt.

Margt bendir til þess að áhrif reglugerðar sem þessarar muni hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga, jafnt sveitarsjóð sem íbúa. Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna framkvæmda hjá sveitarfélögum aukist vegna krafna um aukið eftirlit og umsagnir. Þá er tekið undir athugasemd Dalabyggðar um að ekki liggj fyrir mat á áhrifum fyrirhugaðrar reglugerðar á fjárhag sveitarfélagsins. Í 129. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að fram fari sérstakt mat á áhrifum stjórnvaldsfyrirmæla á fjárhag sveitarfélaga og ber ráðherra ábyrgð á því að slíkt mat fari fram. Jafnframt þyrfti að fara fram mat á áhrifum á byggð í landinu og nýtingu eignarlands. Í því sambandi er vert að minna á

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 þar sem segir að í allri stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera skuli meta og skoða áhrif á þróun einstakra byggða og búsetu.

SSV áskilur sér rétt til þess að veita umsögn um málið á seinni stigum

f.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi



Páll S. Brynjarsson
framkvæmdastjóri